

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1101/2004, um markaðssetningu sæfiefna.

#### 1. gr.

Við 33. gr. bætist nýr töluliður, f-liður, sem orðast svo:

- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, sem vísað er til í tl. 12ze í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2009, frá 4. desember 2009. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 4.

#### 2. gr.

Í töflu í A. hluta V. viðauka, „Virki efni sem heimilt er að nota í sæfiefni“, bætast við efni, sbr. töflu í I. viðauka við þessa reglugerð.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007, sbr. 1. gr.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/15/EB frá 15. febrúar 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu klóþíanidíni við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í tl. 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2009, frá 17. mars 2009.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/16/EB frá 15. febrúar 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu etófenproxi við í I. viðauka við hana, sem vísað er til í tl. 12n í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2009, frá 17. mars 2009.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. desember 2009.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Kristín R. Snorradóttir.*

## I. VIÐAUKI

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarks hreinleiki virks efnis í sæfiefni við markaðssetningu	Dagsetning skráningar	Markaðsleyfi sæfiefnis skal gefið út fyrir <sup>1</sup>	Skráning gildir til	Sæfiefna- flokkur	Skilyrði fyrir markaðsleyfi <sup>2</sup>
4	klóþíamidín	(E)-1-(2-klór-1,3- þiasól-5-ýlmetýl)-3- metýl-2-nítrogúanidín EB-nr.: 433-460-1 CAS-nr.: 210880-92-5	950 g/kg	1. febrúar 2010	31. janúar 2012	31. janúar 2020	8	Ekki er unnt að veita leyfi fyrir sæfiefnum til að meðhöndla við sem nota á utanhúss í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir jarðveg og yfirborðs- og grunnvatnssvæði nema gögn séu lögð fram sem sýna að unnt sé að beita víðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu. Á merkimíðum og/öð á öryggisblöðum fyrir sæfiefni, sem leyfð hafa verið til notkunar í iðnaði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt efur meðhöndlun á ógegdraepu, hörðu undirlagi til þess að koma í veg fyrir að efnid sīgi beint út í jarðveginn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis.
5	etófenprox	3-fenoxýbensýl-2-(4- etoxýfenýl)-2- metýlprópyleter EB-nr.: 407-980-2 CAS nr. 80844-07-1	970 g/kg	1. febrúar 2010	31. janúar 2012	31. janúar 2020	8	Í ljósi tilgreindrar áhættu fyrir starfsmenn er aðeins heimilt að nota sæfiefnin allan ársins hring ef lögð eru fram gögn um upptöku efnisins um húð til að sýna fram á að ekki sé um að ræða óviðunandi áhættu vegna langvinnra váhrifa. Auk þess skulu víðeigandi persónuhlífar notaðar við notkun vara sem ætlaðar eru til iðnaðarnota.

<sup>1</sup> Þessi dagsetning á ekki við ef sæfiefnið inniheldur fleiri en eitt virkt efni, í því tilfalli gildir sú dagsetning sem tilgreind er fyrir það virka efni sem síðast er skráð í viðaukann og sem hefur lengstan frest.

<sup>2</sup> Nánari upplýsingar má fá í matsskýrslum (assessment reports) sem unnt er að nálgast á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>.